

87. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 7. nóvember, 2006, kl. 18:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Emil Guðbjörnsson, Eydís B. Eypórsdóttir og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Deiliskipulagstillaga af Víkursvæði.
Deiliskipulagstillaga samþykkt í auglýsingu.
2. Aðkoma að Hafnargötu 11 um Silfurgötu og bílastæði samkvæmt bréfi frá Viggó Jörgenssyni dags. 18.09.06.
Erindi vísað til byggingarfulltrúa um endurnýjun á lóðarsamningi og óskertri aðkomu að húsi frá Silfurgötu.
3. Jón Árelíus Ingólfsson og Sigrún Elín Svavarsdóttir Skúlagötu 15 óska m.a. eftir leyfi fyrir tveimur bílastæðum samkvæmt bréfi dags. 1. október 2006.
Nefndin synjar beiðni um fjölgun bílastæða og lóðarstækkun sbr. liði 2 og 3 í bréfi þar sem gert er ráð fyrir grænu svæði í deiliskipulagstillögu og þar með óskertri landlögum Maðkavíkur. Fyrsta lið í bréfi um endurnýjun á lóðarsamningi er vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Liði nr. 4 og 5 í bréfi um landbrot og lagnir hefur bæjarstjórn þegar afgreitt sbr. bréf bæjarstjóra dags. 31.10.'06.
4. Skipavík ehf sækir um lóð fyrir austan Reitarveg nr. 12. Vísað af bæjarráði dags. 19.10.06 til skipulags- og byggingarnefndar.
Lagt er til að erindi verði synjað. Ekki er til deiliskipulag af svæðinu og er land austan við Reitarveg nr. 12 að hluta til aðkoma að Reitarvegi nr. 8 og 10.
5. Magnús Þór Kristinsson Árnatúni 1 óskar eftir leyfi fyrir endurnýjun á utanhúsklæðningu sbr. bréf dags. 9.10.'06.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
6. Ásmundur Skeggjason f.h. Álfa ehf sækir um lóðarstækkun að Reitarvegi 10 samkvæmt tölvupósti dags. 9.10.'06.
Lagt er til að gerður verði tímabundinn lóðarsamningur þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag að svæðinu.
7. Guðmundur Þór Guðþórsson sækir um leyfi til að byggja einbýlishús að Hjallatanga nr. 26 eftir teikningum frá Stefáni Ingólfssyni arkitekt dags. 1.09.'06. Samtals 192,5 m², 687,9 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.

8. Byggingarreglugerð, umræða.

Erindi frestað.

9. Endurskoðun á aðalskipulagi. Vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.

Umræða.

10. Ægir Jóhannsson Skólastíg 18 óskar eftir að setja glugga efst á gafla viðbyggingar til útloftunnar á þakrými.

Erindi samþykkt. Gjald samtals kr. 3000.-

11. Önnur mál

a. Nefndin leggur til að stöðuleyfi fyrir gáma verði ekki endurnýjað nema á geymslusvæði við Snoppu.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 19:55.

Ásgeir Gunnar Jónsson (sign)

Guðmundur Kristinsson (sign)

Björgvin Ólafsson (sign)

Emil Þór Guðbjörnsson (sign)

Eydís Bergmann Eyþórsdóttir (sign)

Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir (sign)

B.V.